



Fundur í sveitarstjórn

36. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 26. nóvember 2015 og hófst kl 17:00.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, Reynir Atli Jónsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Hilma Steinarsdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Fundargerð aðalfundar Eyþings 2015.

Liður 8.4: Næsti aðalfundur Eyþings

Ákveðið hefur verið að aðalfundur Eyþings haustið 2016 verði haldinn á Þórshöfn.

Aðrir liðir lagðir fram kynningar.

2. Fundargerðir fundar Fagraðs vatnsveitusviðs Samorku nr. 3 og 4.

Lagðar fram til kynningar.

3. Fundargerð 23. fundar samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 5. nóv. 2015.

Lögð fram til kynningar.

4. Fundargerð 379. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.

Lögð fram til kynningar.

5. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra nr. 177.

Lögð fram til kynningar.

6. Frumvarp til breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði).

Lagt fram til kynningar.

7. Fundargerð fundar rekstrarstjórnar Nausts, dags. 20. nóv 2015.

Lögð fram til kynningar

8. Fundargerð 3. fundar Velferðarnefndar Langanesbyggðar, dags. 18. nóv. 2015.

Sveitarstjórn felur skrifstofu Langanesbyggðar að taka saman minnisblað um málefni eldri borgara í Langanesbyggð og auglýsa eftir starfsmanni til að sjá um félagsstarf eldri borgara.

Samþykkt samhljóða.



9. Fundargerð 9. fundar Íþróttá- og tómstundanefndar Langanesbyggðar, dags. 11. nóv. 2015

Liður 2: sparkvöllur

KSÍ ráðleggur sveitarfélögum að bíða og sjá hvað kemur út úr rannsóknum vegna dekkjakurla á sparkvöllum.

Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar

10. Erindi vegna lausnar frá nefndarstörfum

Valgerður Sæmundsdóttir óskar eftir að hætta sem formaður og nefndarmaður í Íþróttá- og tómstundarnefnd Langanesbyggðar.

Samþykkt samhljóða.

11. Reglur um byggðakvóta 2015/2016

Siggeir Stefánsson lýsir yfir vanhæfi sínu til að fjalla um liðinn.

Samþykkt samhljóða.

Siggeir vikur úr sal og felur Reyni Atla fundarstjórn.

L-listinn óskar eftir eftirfarandi bókun um tillögu að sérreglum um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2015/2016.

Varðandi skiptingu byggðarkvóta leggjum við til að byggðakvóta verði skipt þannig að 65% verði skipt eftir veiðireynslu og 35% jafnt á milli báta með heimilisfesti á Þórshöfn.

Ákvæði 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 605 frá 3. júní 2015 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2015/2016 breytist og verður:

Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2. og 3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að 35% byggðakvóta Þórshafnar skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og 65% byggðakvótans á Þórshöfn skal skipt hlutfallslega á þau sömu skip, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2014 til 31. ágúst 2015.

Með þessari breytingu teljum við að við séum að styrkja atvinnulífið, auka fjölbreytni og efla um leið þá sem veikari eru fyrir án þess þó að skerða tekjur sveitafélagsins.

Borið undir atkvæði sveitarstjórnar.

Þorsteinn og Hulda samþykkja, Hilma, Björn Guðmundur, Halldóra og Reynir samþykkja ekki.



LANGANESBYGGÐ

Haldinn var opinn fundur um úthlutun byggðakvóta á Bakkafirði og á Þórshöfn þann 24. nóvember 2015 þar mættu hagsmunaaðilar og kjörnir fulltrúar sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri lagði fyrir sveitarstjórn bréf til Atvinnu- og Nýsköpunarráðuneytisins. Í bréfinu, er með vísan til 2. mgr. reglugerðar nr. 605 frá 3. júlí 2015 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2015/2016, þess farið á leit að ráðherra heimili sérreglur vegna sérstakra skilyrða fyrir úthlutun byggðakvóta í Langanesbyggð.

Ósk um breytingu er eftirfarandi og varðar 6. gr. reglugerðarinnar og eru þær samhljóða breytingum fyrra árs.

„Fiskiskipum er skylt að landa þeim aflu sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2015 til 31. ágúst 2016. Reglugerðin verði óbreytt að öðru leyti frá ráðuneytinu fyrir Bakkafjörð og Þórshöfn.“

Nánari rökstuðningur fylgir með í bréfinu.

Lagt er til að sveitarstjórn samþykki ofangreinda breytingu og að framlagt bréf verði sent á ráðuneytið þann 30. nóvember 2015.

Reynir Atli, Björn Guðmundur, Hilma og Halldóra Jóhanna samþykkja. Þorsteinn Ægir samþykkir ekki og Hulda Kristín situr hjá.

Siggeir tekur aftur við fundarstjórn af Reyni Atla.

12. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu verkefna sem eru í gangi.

Mikil vinna hefur verið í gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

Verið er að skoða viðgerð á þaki íþróttahúss Langanesbyggðar.

Búið er að kafa í höfninni og bora í klappirnar.

Sveitarstjóri og vara-oddviti áttu gagnlegan fund með sveitarstjórum á stór Þingeyjarsvæðinu á dögnum.

13. Áætlun 2016 – endurskoðendur Langanesbyggðar.

Í maí síðastliðnum óskaði sveitarstjórn Langanesbyggðar eftir því að KPMG myndi gera úttekt á rekstrarkostnaði Langanesbyggðar.

Fulltrúi frá KPMG mætti á fundinn og fór yfir skýrsluna.

Þorsteinn Ægir óskar eftir að fá að víkja af fundi.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið kl 19:54